

Ársskýrsla

Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum

2007



Efnisyfirlit

I.	Ársskýrsla – inngangur.....	3
II.	Nafn og stjórn RHLÖ.....	4
III.	Húsnæði að Ægisdötu 26.....	4
IV.	Fundir.....	5
V.	Verkefni ársins.....	5
VI.	Styrktar- og vísindasjóður	7
VII.	Fræðslunefnd RHLÖ.....	7
VIII.	Styrktaraðilar.....	8
IX.	Ársreikningur 2007.....	8
X.	Vísindavirkni.....	8
XI.	Viðaukar.....	9

I. Ársskýrsla – inngangur

Starfsemi Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss er samkvæmt stofnskrá RHLÖ (sjá viðauka 1). Megin hlutverk rannsóknastofunnar er að vera miðstöð í öldrunarfræðum og skapa aðstöðu til rannsókna, styðja við rannsóknir og fræðslu auk þess að stuðla að samvinnu og samstarfi fræðimanna innan HÍ og LSH.

Árið 2007 var starfsemin umfangsmikil og ný verkefni litu dagsins ljós. Í eftirfarandi skýrslu er starfsemi RHLÖ gerð skil. Fjallað er um þau verkefni sem Rannsóknastofan stóð að, hvort heldur að eigin frumkvæði eða sem samstarfsaðili. Það er von stjórnar RHLÖ að skýrslan upplýsi lesendur um starfsemina Rannsóknastofunnar.



Þátttakendur á námskeiðinu *Nýjungar í hjúkrun fullorðinna og aldraðra með þvag- og hægðavandamál: mat og meðferð* 14.-16. feb. 2007.

II.

Nafn og stjórn:

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum - skammstafað RHLÖ.

Stjórn RHLÖ er skipuð þannig:

Pálmi V. Jónsson, formaður – fulltrúi Læknadeildar HÍ, forstöðumaður í öldrunarlæknisfræði.

Jón Eyjólfur Jónsson, ritari – fulltrúi Landspítala háskólasjúkrahúss.

Ingibjörg Hjaltadóttir – fulltrúi Landspítala háskólasjúkrahúss, sviðsstjóri hjúkurnar
öldrunarsviðs

Margréti Gústafsdóttur- fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar HÍ, forstöðumaður fræðasviðs í
öldurnarhjúkrun

Sigurveig H. Sigurðardóttir – fulltrúi öldrunarfræðafélagsins, lektor í félagsráðgjöf aldraðra
við Háskóla Íslands

Starfsmenn:

Rannsóknastofan er með einn launaðan starfsmann í 50% starfshlutfalli.

Halldóra N. Björnsdóttir, MA., verkefnisstjóri

III.

Húsnæðið að Ægisdötu 26:

Húsnæði RHLÖ að Ægisdötu 26 hefur fjórar skrifstofur til afnota.

Stofa 1 MiRan Chang, faraldsfræðingur

Stofa 2 Skrifstofa RHLÖ

Stofa 2 Beinvernd

Stofa 3 Ýmsir s.s. læknanemar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar

Stofa 4 R80+ Jón Eyjólfur Jónsson



Fundarsalur á 7. hæð á Landakoti þar sem námskeið og fræðslufundir á vegum RHLÖ fara fram.

IV.

Fundir:

Stjórnarfundir:

Haldnir voru 4 stjórnarfundir auk styttri vinnufunda.

Aðrir fundir:

Fundir vegna námskeiðs fyrir hjúkrunarfræðinga um þvagleka.

Fundir vegna námskeiðs Heilabilunareiningar um siðferðileg álitamál í umönnun heilabilaðra.

Fundir vegna námskeiðs fyrir sjúkraþjálfara um jafnvægisþjálfun.

Fundir vegna námskeiðsins Minningavinna.

V.

Verkefni ársins:

1. Fjarfundir voru og haust (sjá viðauka 2 og 3 og nánar hér fyrir neðan undir Fræðslunefnd).
2. Fræðslumyndin *Hugarhvarf – lífið heldur áfram með heilabilun*. Rannsóknastofan hefur umsjón með sölu og kynningu á myndbandinu. RHLÖ fékk 1.000.000 krónur í styrk frá Baugi Group til að þýða og talsetja myndina á ensku og sænsku og var það gert. Á árinu seldust 44 DVD diskar, þar af 11 diskar á ensku/sænsku. og um 5 diskar voru afhentir/gefnir á ensku/sænsku. Einnig voru framleiddir 10 diskar á NTSC kerfinu fyrir Bandarískt og Kanadískt kerfi og hafa 3 diskar verið sendir til Kanada.
3. RHLÖ sá um umsýslu þriggja daga námskeiðs um þvagleka sem öldrunarlækningasvið og skurðlækningasvið héldu fyrir hjúkrunarfræðinga dagana 14.-16. febrúar 2007 undir yfirskriftinni *Nýjungar í hjúkrun fullorðinna og aldraðra með þvag- og hægðavandamál: mat og meðferð* (sjá dagskrá í viðauka 4). Tveir erlendir fyrirlesarar komu frá Bournemouth á Englandi og kenndu á námskeiðinu, þær Christine de Laine og Michele Gray, hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur voru 55.
4. RHLÖ sá um umsýslu námskeiðs Heilabilunareiningar LDK *Siðfræðileg álitamál í umönnun heilabilaðra* sem haldið var í Salnum Kópavogi 21. og 22. mars 2007 (sjá dagskrá í viðauka 5). Þátttakendur voru 173 fyrri daginn og 119 seinni daginn eða alls 292. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru: Jón Kalmansson, heimspekingur, Sigríður Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Sigurbjörn Björnsson, læknir, Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi og sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir.
5. RHLÖ sá um umsýslu námskeiðsins *Þjálfun jafnvægis* sem haldið var á Landakoti 14. september 2007 (sjá dagskrá í viðauka 6). Ella Kolbrún Kristinsdóttir, dósent og Bergþóra Baldursdóttir, MS sjúkraþjálfari, voru umsjónarmenn námskeiðsins og leiðbeinendur. Þátttakendur voru 33. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt.

6. RHLÖ sá um umsýslu námskeiðsins *Minningavinna* sem haldið var á Landakoti þann 19. september 2007 (sjá dagskrá í viðauka 7). Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Ingibjörg Pétursdóttir, iðjuþjálfari, voru umsjónarmenn námskeiðsins og leiðbeinendur. Þátttakendur voru 55. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt.
7. RHLÖ var með kynningu á starfsemi sinni á málþinginu *Ný sýn á heilabilun – einstaklingurinn í öndvegi* sem haldin var þann 7. júní á Grand Hotel í tilefni útgáfu bókar Tom Kitwood í þýðingu Svövu Aradóttur sem ber sama titil.
8. Vísindadagurinn var haldinn 12. október 2007 í Salnum Kópavogi. Yfirskrift dagsins var: *Húðvandamál meðal aldraðra* (sjá dagskrá í viðauka 8). Þátttakendur voru alls 50 utan öldrunarviðs LSH og 122 innan sviðsins eða 172. Tveir erlendir fyrirlesarar komu frá Genf í Sviss, þau Dr. Laurence Trellu, læknir og Dr. Gurkan Kaya, læknir. Auk þeirra var Jón Eyjófur Jónsson, læknir, með erindi ásamt fundarstjórn.



Bergþóra Baldursdóttir, sjúkraþjálfari ásamt skjólstæðingi í jafnvægisþjálfun

VI.

Styrktar- og vísindasjóður:

Megin markmið sjóðsins er að efla RHLÖ. Stjórn sjóðsins er heimilt að styrkja hvert það verkefni sem hún telur efla og gagnast rannsóknum í öldrunarfræðum. Sjóðurinn starfar samkvæmt skilmálum Dómsmálaráðuneytisins um slíka sjóði. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga á LSH annast fjárreiður og bókhald sjóðsins f.h. sjóðsstjórnar og skulu reikningar hans endurskoðast af ríkisendurskoðun. Sjóðurinn tekur við framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum en einnig eru gefin út minningarkort á vegum sjóðsins.

VII.

Fræðslunefnd RHLÖ:

Fræðslunefnd er svo skipuð:

Ólafur Samúelsson læknir, formaður

Berglind Magnúsdóttir sálfræðingur

Guðrún Dóra Guðmannsdóttir hjúkrunarfræðingur

Hanna Lára Steinsson félagsráðgjafi (til vors 2007)

Katla Kristvinsdóttir iðjubjálfi

Sigurveig H. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi

Áheyrnafulltrúi: Bjarnfríður Jóhannsdóttir sjúkraliði á L-5

Fræðslufundir:

17 fræðslufundir fræðslunefndar RHLÖ voru haldnir á fimmtudögum frá jan. – maí kl. 15:00 í kennslusalnum á 7. hæð á Landakoti og frá okt. – des. kl. 15:00. Fundirnir voru sendir út með fjarfundabúnaði um allt land (sjá viðauka 2 og 3).

Þátttaka á fundum á Landakoti árið 2007:

vorönn		haustönn	
dagsetning	fjöldi	dagsetning	fjöldi
18. jan. 2007	15	04. okt. 2007	9
25. jan. 2007	25	11. okt. 2007	3
01. feb. 2007	15	18. okt. 2007	8
08. feb. 2007	37	25. okt. 2007	9
08. mar 2007	19	08. nóv. 2007	8
15. mar 2007	8	15. nóv. 2007	19
29. mar 2007	8	22. nóv. 2007	10
12. apr. 2007	8	29. nóv. 2006	8
26. apr. 2007	27		

Meðaltal þátttakenda á fundum á vorönn er 18 manns og á haustönn rúmlega 9 (9,25) og yfir árið tæplega 14 manns (13,6) .

Auk þess hélt fræðslunefndin Vísindadag þann 12. október undir yfirskriftinni „Húðvandamál meðal aldraðra“ (sjá viðauka 8) í Salnum Kópavogi.

VIII.

Styrktaraðilar

Framkvæmdasjóður aldraðra

Baugur Group

IX.

Fjárhagur:

Sjá Ársreikning fyrir árið 2007

X.

Vísindavirkni:

Vísindasjóður Landsspítala

Próun vitrænnar getu hjá börnum Alzheimers sjúklinga. **Jón Snædal**, Magnús Jóhannsson.

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar: Um tengsl blóðstorkuþátta við heilablóðfall

Páll Torfi Önundarson, Brynja R. Guðmundsdóttir, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, **Pálmi V.**

Jónsson, Vilmundur Guðnason.

Gæðastyrkir HTR 2007

Engum gæðastyrkjum úthlutað árið 2007.

Nemaverkefni:

Doktorsnemar

Guðlaug Þórsdóttir, öldrunarlæknir lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands 23. Nóvember 2007: The role of ceruloplasmin and superoxide dismutase in neurodegenerative diseases.

Leiðbeinendur: Próf. Magnús Jóhannsson og Dr. Þorkell Jóhannesson próf. emerítus.

Meistaraneimar

Væg vitræn skerðing í heila (VCIND): Taugasálfræðileg mynstur. Aðalheiður Ósk Sigfúsdóttir. Háskóla Íslands. Leiðbeinendur: María Kristín Jónsdóttir. **Pálmi V. Jónsson**

Væg vitræn skerðing, eðli, umfang og mynstur minnistrufllana. Bylgja Valtýsdóttir. Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: **Pálmi V. Jónsson**.

Könnun á upplýsingjöf varðandi lyfjameðferð við útskrift 75 ára og eldri sjúklinga sem útskrifast af lyflækningadeildum LSH: Ásdís María Franklín, leiðbein: Rannveig Einarsdóttir, **Ólafur Samúelsson, Aðalsteinn Guðmundsson**.

Erfðafræði Alzheimers sjúkdóms. Samstarfsverkefni með Íslenskri erfðagreiningu.

Mastersverkefni Magnúsar Jóhannssonar sálfræðings úr þessu verkefni. **Jón Snædal**.

Kristjana Sigmundsdóttir: Að heiman og heim. Félagsvísindadeild. Leiðbeinandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

BS nemar

4. árs verkefni með læknanema, Pétur Guðmann Guðmannsson.
Verkefnið, heitir **Lyfjanotkun á hjúkrunarheimilum á Íslandi**. *Þriggja ára yfirlit yfir ávísanir valinna lyfja*. Leiðbeinandi: **Helga Hansdóttir**.

Díana Dröfn Heiðarsdóttir og Ateinunn Arna Þorsteinsdóttir (2007). Mat á færni og þörfum aldraðra sem bíða eftir hvíldarinnlögn. Óbirt B.S. lokaverkefni. Háskóli Íslands, Hjúkrunarfræðideild. Leiðbeinendur: **Sigrún Bjartmarz** og **Ingibjörg Hjaltadóttir**.

Sigrún Elva Guðmundsdóttir (2007). Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og aðstoðarfólks á öldrunarstofnunum. Óbirt B.S. lokaverkefni. Háskóli Íslands, Hjúkrunarfræðideild. Leiðbeinendur: **Guðrún Dóra Guðmannsdóttir** og **Ingibjörg Hjaltadóttir**.

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Íslensk erfðagreining, Hjartavernd, InterRAI, NordRAI, Middle Eastern Academy of Aging, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Íslensk erfðagreining og Mentis Cura.

Andoxunarvirkni í miðtaugakerfi. Samstarfsverkefni með Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Guðlaug Þórsdóttir öldrunarlæknirlauk doktorsverkefninu með vörn sinni 23. nóvember 2007. **Jón Snædal**.

Erfðafræði Alzheimers sjúkdóms. Samstarfsverkefni með Íslenskri erfðagreiningu. Mastersverkefni Magnúsar Jóhannssonar sálfræðings úr þessu verkefni. **Jón Snædal**.

Notkun heilarits til greiningar á AS. Samstarfsverkefni með Mentis Cura. 3ja árs verkefni læknanema vorið 2008 valið úr þessu verkefni. **Jón Snædal**

Tenging hreyfingar á miðjum aldri og heilabilunar. Verkefni úr AGES rannsókninni á vegum Hjartaverndar. **Jón Snædal**.

Skoðun og líðan Alzheimers sjúklinga í kjölfar greiningar. Samstarfsverkefni með Erlu Grétarsdóttur öldrunarsálfræðingi og Jakobi Smára prófessor. Undirbúningur langt kominn. **Jón Snædal**.

Ritverk –bækur eða bókakaflar

Ritverk- vísindagreinar í ritrýndum innlendum tímaritum

Ársæll Jónsson. Fæðing Öldrunar – Fréttabréfið Öldrun verður til. Öldrun 2007;25/1:4-5.

Aðalsteinn Guðmundsson, Ársæll Jónsson. Öldrunarlækningar á Íslandi – þróun og framtíðarsýn. Öldrun 2007;25/1:12-15.

Ingibjörg Hjaltadóttir, Anna Edda Ásgeirsdóttir, Borghildur Árnadóttir, Helga Ottósdóttir, Guðbjörg Jóna Hermannsdóttir, Alfons Ramel og Inga Þórsdóttir. (2007). Matstæki til greiningar á vannæringu aldraðra. Tímiriti hjúkrunarfræðinga 5(83), 48-56.

Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir og Margrét Gústafsdóttir (2007). Flutningur foreldra sem þjást af heilabilun á hjúkrunarheimili: Reynsla dætra. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 83(2), 50-58.

Sigurveig H. Sigurðardóttir (2007). Umönnun og þjónusta aðstandenda við eldri borgara. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj). *Rannsóknir í félagsvísindum VIII, Félagsvísindadeild. Þjóðarspegil. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík.* Bls. 263-273.

Ritverk – vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum

Bos JT, Frijters DH, Wagner C, Carpenter GI, Finne-Soveri H, Topinkova E, Garms-Homolova V, Henrard JC, **Jonsson PV**, Sorbye L, Ljunggren G, Schroll M, Gambassi G, Bernabei R. Variations in quality of home care between sites across Europe, as measured by Home Care Quality Indicators. *Aging Clin Exp Res* 2007;19(4):323-9.

Harris TB, Launer LJ, Eiriksdóttir G, Kjartansson O, **Jonsson PV**, Sigurdsson G, Thorgeirsson G, Aspelund T, Garcia ME, Cotch MF, Hoffman HJ, Gudnason V. Age, Gene/Environment Susceptibility-Reykjavik Study: multidisciplinary applied phenomics. *Am J Epidemiol* 2007;165(9):1076-87.

Ramel A, **Jonsson PV**, **Bjornsson S**, Thorsdóttir I. Differences in the glomerular filtration rate calculated by two creatinine-based and three cystatin-C-based formulae in hospitalized elderly patients. *Nephron Clin Pract* 2007;108(1):c16-c22.

Ramel A, **Jonsson PV**, **Bjornsson S**, Thorsdóttir I. Total plasma homocysteine in hospitalized elderly: associations with vitamin status and renal function. *Ann Nutr Metab* 2007;51(6):527-32.

Sorbye LW, Schroll M, Finne-Soveri H, **Jonsson PV**, Ljunggren G, Topinkova E, Bernabei R. Home care needs of extremely obese elderly European women. *Menopause Int* 2007;13(2):84-7.

Ingibjörg Hjaltadóttir og Margrét Gústafsdóttir. (2007). Quality of life in nursing homes: perception of physically frail elderly residents. *Scandinavian Journal of Caring Sciences* 21(1), 48-55.

Sigrún Júlíusdóttir, **Sigurveig H. Sigurðardóttir** (2007). Utbildningsstruktur som instrument för kvalitetshöjning. Utveckling och omstrukturering av Socionomutbildningen vid Islands Universitet. *Nordisk socialt arbeid.(Nordic Journal of Social Work).* Nr. 3. 27 árg. Oslo: Universitetsforlaget. Bls.215-220.

Önnur ritverk

Ársæll Jónsson. Rannsókn á spönsku veikinni árið 1918. Bréf til blaðsins. *Læknablaðið* 2007;11(93).

Fyrirlestrar og veggspjöld á íslenskum ráðstefnum og þingum

Einmana heima. Gríma Huld Blængsdóttir, Thor Asperlund, **Pálmi V. Jónsson**. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Tengsl æðasjúkdóma í heila og taugasálfræðilegs mynsturs hjá eldra fólki án heilabilunar sem tók þátt í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Aðalheiður Sigfúsdóttir, **Pálmi V. Jónsson**, María K. Jónsdóttir, Thor Aspelund, Ólafur Kjartansson, Guðný Eiríksdóttir, Sigurður Sigurðsson, Lenore J. Launer, Vilmundur Guðnason. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Spáþarfir sjúklings við innlögn á sjúkrahús fyrir um afdrif einu ári síðar? **Pálmi V. Jónsson**, Anja Noro, Anna Birna Jensdóttir, **Ólafur Samúelsson**, **Sigrún Bjartmarz**, Gunnar Ljunggren, Else V. Grue, Marianne Schroll, Gösta Bucht, Jan Bjørnson, Harriet U. Finne-Soveri, Elisabeth Jónsen. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Munur milli Norðurlanda á lyfjanotkun aldraðra bráðadeildarsjúklinga. Gögn úr MDS-AC rannsókninni. **Ólafur Samúelsson**, Gösta Bucht, Jan Bjørnson, **Pálmi V. Jónsson**. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Áhrif líkamlegrar þjálfunar á andlega getu meðal aldraðra. Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar. **Miran Chang**, **Pálmi V. Jónsson**, **Jón Snædal**, **Sigurbjörn Björnsson**, Thor Asperlund, Guðný Eiríksdóttir, Lenore Launer, Tamara Harris, Vilmundur Guðnason. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Greining örblæðinga í heila með segulómum og segulnæmum myndaröðum í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Sigurður Sigurðsson, Ágústa Sigmarsdóttir, Ólafur Kjartansson, Bryndís Óskarsdóttir, Thor Asperlund, Lenore Launer, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, **Pálmi V. Jónsson**, Mark A Buchem, Guðný Eiríksdóttir, Vilmundur Guðnason. Prettánda ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4-5. janúar, 2007, Læknablaðið fylgirit 53/2007.

Oxavarnaensímín cerúlóplasmín og súperoxíð dismútasi í hæggingum hrönnunarsjúkdómum í miðtaugkerfi. XIII. ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, 4. og 5. janúar 2007. *Læknablaðið* (fylgirit 53) 2006, **92** (E-83: Ágrip að erindi fluttu af **Guðlaugu Þórsdóttur**).

Ársæll Jónsson. Hrumleiki í læknisfræði. Fyrirlestur. Vetrarfundur Tannlækningastofnunar 8.12.2007. Tannlæknastofnun Háskóla Íslands.

Ársæll Jónsson. Hrumleiki meðal aldraðra. Fyrirlestur. Fræðslufundur RHLÖ. 18. okt. 2007

Umönnun og þjónusta aðstandenda við eldri borgara. Erindi flutt á Þjóðarspegli 7. desember 2007. Útg. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj). Rannsóknir í félagsvísindum VIII, Félagsvísindadeild. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík. Flytjandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

Viðhorf eldra fólks. Erindi flutt á ráðstefnunni: Mótum framtíð. Stefnur og straumar í félagslegri þjónustu. Gildi samþættingar- nýir tímar- ný sýn. Hotel Nordica, 30. Mars 2007. Ráðstefnan var haldin af Félagsmálaráðuneytinu, Norrænu ráðherranefndinni, Reykjavíkurborg og fleiri aðilum. Flytjandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

Áhrif öldrunarfræðakenninga og hugmyndafræði á framkvæmd þjónustu. Erindi flutt á Ráðstefnu um framtíð öldrunarmála; Horft til framtíðar. 30 október 2007 á Hótel Loftleiðum. Ráðstefnan var haldin af Sjómannadagsráði og Hrafnistu í tilefni 30 og 50 ára afmæla Hrafnistuheimilanna. Flytjandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

Viðhorf aldraðra. Fyrirlestur á vegum Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss á Landakoti 8. Mars 2007. Fyrirlestri er sjónvarpað til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og hjúkrunarheimila um land allt. Flytjandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

Þátttökulýðræði í nágrannalöndunum: Hvert stefnir?. Erindi flutt á Málþingi Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31, 14. Mars 2007. Flytjandi: **Sigurveig H. Sigurðardóttir**.

Fyrirlestrar og veggspjöld á erlendum ráðstefnum og þingum

Invited speaker: Jónsson PV: for Noro A, Finne-Soveri UH, Jensdóttir A, Ljuggren G, Grue EV, Schroll M, Bucht G, Björnsson J, Jonsén E: Relationship between admission characteristics on the MDS-AC instrument and outcome of acute care in Nordic countries and a comparison with traditional medical records. The Canadian RAI conference, Ottawa, May 2-4, 2007.

Invited speaker: Jónsson PV: Insights from the Nordic MDS AC care study in a symposium: Jornada interRAI. Sistema de información y clasificación de pacientes crónicos. Jan 15, 2007. Universitat de València, Spain.

Invited speaker: Jónsson PV: RAI MDS system in elderly care in the conference on integrated care. Role of Geriatrics in health care for the older population. Tartu, Estonia, March 16, 2007.

Invited speaker: Pálmi V. Jónsson: Medical Grand Rounds. Memorial University Hospital, St. John's Campus, Canada. "Age, Gene/Environment Susceptibility – Reykjavik Study (AGES-Reykjavik). Nov 16, 2007.

Invited speaker: Pálmi V. Jónsson: Medical Residential Rounds. Memorial University Hospital, St. John's Campus, Canada. Falls and the Elderly. Nov 16, 2007.

Brain infarcts and cognitive performance in a population-based cohort: The Age, Gene/Environment susceptibility – Reykjavik Study. Jane S. Saczynski, Sigurdur Sigurdsson, **Maria K. Jonsdottir**, Gudny Eiriksdottir, **Palmi V. Jonsson**, Melissa E. Garcia, Olafur Kjartansson, Mark A. van Buchem, Vilmundur Gudnason, Lenore J. Launer. Submitted to American Academy of Neurology meeting, 2007.

Association between midlife physical activity and late-life infarcts detected on MRI: Pajala S, Sigurdsson G., Chang M., Jonsson PV., Harris T., Gudnason V., Launer L. Submitted to Vas Cog Conf, Texas, July, 2007.

Vision and hearing impairments and their implications for loss of IADL and falling in acute hospitalized elderly in five Nordic hospitals. Grue EV., Ranhoff Ah, Björnson J, **Jonsson PV**, Jensdóttir AB, Ljunggren G, Buch G, Jonsén E, Schroll M., Noro A., Finne- Soveri. Submitted to VI Europeiske Kongress I Gerontology and Geriatri, St. Petersburg, Russland, Juli 5-8, 2007.

A comparison of Palliative Care in Icelnad and Ontario, Canada: Lessons learned with the InterRAI Palliative Care Instrument. Smith TF, Sigurdardóttir V, Hjaltadóttir I, Guðmannsdóttir GD, **Jónsson PV**: Canadian RAI Conference 2007, May 2-4, 2007, Ottawa, Canada.

MAPLe predicts outcome of acute hospital care of elderly patients- A useful tool for care and discharge planning. Noro A, Poss J, Hirdes J, Finne-Soveri H, **Jónsson PV**: Canadian RAI Conference 2007, May 2-4, 2007, Ottawa, Canada.

The InterRAI Acute Care: A new structured assessment methodology for the frail elderly in hospital. Gray L, Bernabei R, Finne-Soveri H, Hirdes J, **Jonsson PV**, Morris J, Steel K, Arino-Blasco S. The Australian and New Zealand Society for Geriatric Medicine, Adelaide, September, 2007. Abstract published in Journal of Internal Medicine.

The effect of midlife physical activity on cognitive function among older adults: AGES-Reykjavik Study. **Miland Chang, Palmi V. Jónsson, Jon Snædal, Sigurbjörn Björnsson**, Jane Saczynski, Thor Aspelund, Guðný Eiríksdóttir, Tamarra Harris, Vilmundur Guðnason, Lenore J. Launer. The Gerontological Society of America, 60th Annual Meetin, San Fransico, November 2007.

Diabetes and Cognitive Performance: The Age Gene Environment Susceptibility -Reykjavik Study (AGES-Reykjavik). Jane S. Saczynski, Rita Peila, Maria K. Jonsdottir, Melissa Garcia, **Palmi V. Jonsson**, Gudny Eiriksdottir, Elin Olafsdottir, Tamara Harris, Vilmundur Gudnason, Lenore J. Launer. The Gerontological Society of America, 60th Annual Meetin, Symposium presentation, San Fransico, November 2007.

Depression in Community-based and Institutional Palliative Care: an international comparison of Iceland and Canada. Trevor Frise Smith, Valgerður Sigurðardóttir, **Pálmi V. Jónsson**. Oral presentation. 2007 Canadian Hospice Palliative Care Conference.

Jón Snædal, Þorkell E. Guðmundsson, Jóhannes Helgason, Gísli H. Jóhannesson, Steinn Guðmundsson and Kristinn Johnsen. The use of classification algorithms of EEG for diagnosis of AD, with and without the use of diagnostic enhancer. Spjald á ráðstefnu NorAge, Turku, Finnlandi, júní 2007.

Jón Snædal. The ethical issues of stem cell research. Erindi á málþingi siðfræðiráða Norrænu læknafélaganna í Nagu, Finnlandi, 5 september 2007.

Jón Snædal. Ethical issues regarding terminal illness and the guidelines of WMA. Erindi á málþingi Finnska læknafélagsins á Medical Ethics Day, Helsinki 18 sept. 2007.

Jón Snædal. WHO and surveillance on communicable diseases, the role of Taiwan. Flutt á National Doctors Day í Taipei, Taiwan 12 nóvember 2007.

Jón Snædal. Utredning och behandling av demens. "Islandsmodellen". Plenum fyrirlestur á Demensdagene í Osló 4 des. 2007.

Jón Snædal. EEG i diagnostik av Alzheimers sjukdom. Fyrirlestur á demensdagene, Osló 4 des. 2007.

Margrét Gústafsdóttir. Indicative signs of the elder's contentment with his or her stay in a dementia-based daycare. *International Psychogeriatric*, (2007), Vol 19, Supplement 1,1 2007 International Psychogeriatric Association, bls.84.

Indicative signs of the elder's contentment with his or her stay in a dementia-based daycare unit flutt á 13. ráðstefnu IPA (International Psychogeriatric Association), sem haldin var í Osaka í Japan, 14-18. október, 2007. Margrét Gústafsdóttir

Yfirlitserindi um þróun öldrunarhjúkrunar sem sérgreinar á Íslandi – flutt vegna alþjóðasamskipta á vegum Norlysnetsins. *The development of gerontological nursing as specialty within the nursing curriculum in Iceland.* Flutt á fundi 4. desember, 2007 á vegum Sygeplejerskeuddannelsen i København, International Enhed vegna Norlysheimsóknar. Margrét Gústafsdóttir.

Well Being at home. Assistance and social contacts. Veggspjald á VI European congress of gerontology, St. Pétursborg, Rússlandi 5-8 júlí 2007. Ráðstefnan var haldin af International Association of Gerontology and Geriatrics. Höfundur og kynni: **Sigurveig H. Sigurðardóttir.**

Developing the Nordic master's Program in Gerontology (NordMaG). Veggspjald á VI European congress of gerontology, St. Pétursborg, Rússlandi 5-8. júlí 2007. Ráðstefnan var haldin af International Association of Gerontology and Geriatrics. Höfundar: Uotinen, V.; Parkatti, T.; **Sigurðardóttir, S.H.**; Svensson, T.

Nefndarstörf

Ingibjörg Hjaldadóttir á sæti í starfshópi um Framtíðarsýn 2007 um Heilsu, heilbrigði og hollustu á vegum Vísinda- og tækniráðs. Skipað var í starfshópinn af forsætisráðherra Geir H. Haarde.

Sigurveig H. Sigurðardóttir á sæti í úrskurðarnefnd um tæknifrjógvun skv. lögum nr. 55/1996.

Nýsköpun í kennslu.

Sigurveig H. Sigurðardóttir. Námskeið á meistarastigi í öldrunarfræðum. Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta. Námskeiðið var kennt með nýju sniði árið 2007. Það var þá kennt í fyrsta skipti í fjarnámi og í staðlotum. Áhersla var lögð á notkun netsins í samskiptum á milli fyrirlestra. Tilgangur með breytu fyrirkomulagi er að koma til móts við nemendur sem búsettir eru á landsbyggðinni og þeim sem vinna vaktavinnu. Námskeiðið sóttu fulltrúar fjögurra starfsstétta sem vinna með eldra fólki. Markmið námskeiðsins var að kynna öldrunarfræði sem þverfaglega fræðigreini með aðaláherslu á félagslega öldrunarfræði. Hugmyndafræði fræðigreinarinnar, helstu rannsóknir og rannsóknaraðferðir voru kynntar. Fjallað var um félagslega, sálræna og líffræðilega öldrun og áhrif þess að eldast á einstaklinga og umhverfi þeirra. Kynntar voru helstu kenningar öldrunarfræðinnar og fjallað um áhrif þeirra á stefnumótun í öldrunarþjónustu. Áhersla var lögð á að dýpka þekkingu þátttakenda um málefni aldraðra með það að markmiði að gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra

Sigurveig H. Sigurðardóttir hefur einnig unnið að því að koma á laggirnar sameiginlegu meistaranámi í öldrunarfræðum í samvinnu við Háskólann í Jyväskylä í Finnlandi og Lúndarháskóla í Svíþjóð. Styrkur fékkst frá norrænu ráðherranefndinni til að þróa verkefnið árið 2007 og námið mun hefjast haustið 2008. Hér er um nýjung að ræða þar sem nemendur munu útskrifast með viðbótar diplóma sem gefur til kynna að um samnorrænt nám sé að ræða. Þessu verkefni hefur fylgt mikil vinna og útgáfa kynningarrita.

XI.

Viðaukar:

- 1. Stofnskrá RHLÖ**
- 2. Dagskrá fræðslufunda haust 2007**
- 3. Dagskrá fræðslufunda vor 2007**
- 4. Dagskrá námskeiðsins: *Nýjungar í hjúkrun fullorðinna og aldraðra með þvag- og hægðavandamál: mat og meðferð.***
- 5. Dagskrá námskeiðsins: *Siðferðileg álitamál í umönnun heilabilaðara***
- 6. Dagskrá námskeiðsins: *Þjálfun jafnvægis***
- 7. Dagskrá námskeiðsins: *Minningavinna***
- 8. Dagskrá Vísindadags 2007: *Húðvandamál meðal aldraðra.***

Viðauki 1

Stofnskrá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum

Uppfærð við stofnun Landspítala-háskólasjúkrahúss árið 2000

1. grein

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum (RHLÖ) er miðstöð í öldrunarfræðum, stofnuð á ári aldraðra 1999. Sérhver vísindagrein, ein sér eða í samvinnu við aðrar greinar, getur átt aðild að rannsóknarstofunni, svo fremi að viðfangsefni hennar lúti að öldrun.

2. grein

Rannsóknarstofan er kennd við Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahús, er rekin á vegum öldrunarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) og í samvinnu við Læknadeild Háskóla Íslands. Aðsetur rannsóknarstofunnar er í húsakynnum Landspítala – háskólasjúkrahúss, Landakoti. Landspítali - háskólasjúkrahús greiðir stofnkostnað og rekstrarkostnað að því marki sem kveðið er á um í 8. grein stofnskrárinnar. LSH ber ábyrgð á rekstri og skuldbindingum rannsóknarstofunnar.

3. grein

Hlutverk Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum er:

- a. að vera miðstöð rannsókna á sviði öldrunarfræða er geta tekið til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, og annarra þátta er tengjast lífsgæðum aldraðra.
- b. að stuðla að samvinnu fræðimanna Háskóla Íslands sem eiga það sammerkt að vinna að öldrunarrannsóknum.
- c. að hafa áhrif á þróun kennslu í öldrunarfræðum innan Háskóla Íslands.
- d. að skapa heimili fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunar.
- e. að stuðla að útgáfu öldrunarfræðiritra
- f. að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofur, félög, einstaklinga og opinbera aðila, sem starfa á sviði öldrunar innanlands og utan.
- g. að hafa forgöngu um að afla styrkja eða fjárveitinga til öldrunarrannsókna og veita upplýsingar um hugsanlega styrktaraðila.
- h. að standa fyrir námskeiðum fyrir fagfólk í öldrunarþjónustu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.
- i. að veita fagfélögum í öldrunarmálum þjónustu eftir nánara samkomulagi
- j. að sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

4. grein

Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð fimm fulltrúum til fjögurra ára í senn. Skal forsvarsmáður öldrunarlækninga innan Læknadeildar Háskóla Íslands eiga sæti í stjórninni og einn fulltrúi tilnefndur af hjúkrunarfræðideild HÍ. Skal annar þeirra vera formaður stjórnar að ákvörðun deildarráðs læknadeildar.

Framkvæmdastjórn Landspítala - háskólasjúkrahúss skipar tvo fulltrúa í stjórn í samráði við sviðsstjórn öldrunarsviðs og skal annar þeirra vera ritari. Loks skal einn fulltrúi í stjórn vera úr fagráði Öldrunarfræðafélags Íslands.

Stjórnin skal funda hið minnsta fjórum sinnum á ári en oftast ef ástæða er til. Við ákvarðanatöku ræður einfaldur meirihluti stjórnar.

5. grein

Stjórnin gerir starfs- og rekstraráætlanir og ræður starfsfólk til rannsóknarstofunnar svo að markmið hennar náist.

6. grein

Rannsóknaverkefni sem unnin eru á öldrunarsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss skulu tengjast RHLÖ. Í þessu felst aðgangur að aðstöðu rannsóknarstofunnar og þeirri þjónustu og þeim stuðningi sem þar er að fá eftir nánari ákvörðun stjórnar rannsóknarstofunnar. Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni, sbr. 7. grein. Rannsóknirnar munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknarstofunnar en hver rannsókn er sjálfstæð og lýtur stjórn og er á ábyrgð viðkomandi rannsakenda.

7. grein

Rekstur rannsóknarstofunnar ákvarðast af þeim tekjum sem rannsóknarstofan aflar, en þær geta verið:

- a. Rekstrartekjur af einstökum rannsóknarverkefnum.
- b. Styrkir.
- c. Tekjur af útgáfustarfsemi.
- d. Greiðslur fyrir veitta þjónustu við fagfélög og utanaðkomandi stofnanir.
- e. Tekjur af námskeiðshaldi.
- f. Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Verði ráðinn starfsmaður í fast starf við rannsóknarstofuna verður hann starfsmaður öldrunarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss en launakostnaður greiðist sjúkrahúsinu af tekjustofnum rannsóknarstofunnar. Heimilt er að ráða einstaklinga í tímabundin verkefni sem verktaka fyrir rannsóknarstofuna, enda stendur rannsóknarstofan straum af rekstrarkostnaði.

8. grein

Fjármálasvið Landspítala - háskólasjúkrahúss annast bókhald og árlegt uppgjör starfseminnar og endurskoðandi sjúkrahússins yfirfer ársreikninga RHLÖ. Ársskýrsla rannsóknarstofunnar skal birt með ársskýrslu öldrunarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss. Landspítali - háskólasjúkrahús leggur rannsóknarstofunni til húsnæði og húsgögn og tölvubúnað ásamt með almennum rekstri húsnæðis og tölvubúnaðar. Framlög þessi eru án endurgjalds til LSH.

9. grein

Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum er heimilt að nota merki LSH og Háskóla Íslands í samskiptum og á bréfsefni.

10. grein

Stofnskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Landspítala - háskólasjúkrahúss og deildarráð Læknadeildar Háskóla Íslands hafa samþykkt hana. Landspítali - háskólasjúkrahús og deildarráð Læknadeildar Háskóla Íslands geta samþykkt breytingar á stofnskrá ef báðir aðilar samþykkja breytingarnar.

11. grein

Endurskoðun stofnskrár þessarar skal vera lokið eigi síðar en þremur árum eftir samþykkt hennar.

Viðauki 2

**Fræðslufundur Rannsóknarstofu í öldrunarfræðum vormisseri 2007
Haldnir í kennslusalnum 7. hæð á Landakoti á fimmtudögum kl. 15:00-16:00.**

18. janúar: *Hvað vill hið opinbera fá fyrir fjármagnið sem það veitir til reksturs hjúkunarheimila?* Elsa B. Friðfinnsdóttir, hjúkrunarfræðingur
25. janúar : *Óráð hjá öldruðum* – Tryggvi Egilsson læknir
01. febrúar: *Sálgæsla á öldrunarsviði* – Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson
08. febrúar *Framheilabilanir* – María K. Jónsdóttir sálfræðingur
15. febrúar: Fellur niður vegna námskeiðs
22. febrúar: Fellur niður vegna myndasýningar LSH um öryggi - Öryggisbragur
01. mars: Fellur niður vegna málþings ÖFFÍ
08. mars: *Viðhorf aldraðra* - Sigurveig H Sigurðardóttir, félagsráðgjafi
15. mars: Breytingar á færni einstaklinga, 75 ára og eldri, í kjölfar bráðainnlagnar á lyflækningadeild LSH – Sigrún Bjartmarz, hjúkrunarfr. (GDG)
22. mars: Fellur niður vegna námskeiðs Heilabilunareiningar í Salnum
29. mars: Um öldrunarmál í Hollandi. Sagt frá námsferð sem farin var síðastliðið haust
12. apríl: *Hreyfum okkur með morgunleikfimi RÚV – nýtum það sem er til staðar* – Halldóra Björnsdóttir, íþróttafræðingur
26. apríl: *Viðhorf ungs fólks til aldraðra – Hluti af nýrri rannsókn* – Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi

Fundirnir eru sendir út með fjarfundabúnaði

Fræðslunefnd RHLÖ

Viðauki 3

Fræðslufundur Rannsóknarstofu í öldrunarfræðum haustmisseri 2007
Haldnir í kennslusalnum 7. hæð á Landakoti á fimmtudögum kl. 15:00-16:00.

04. október Myndin **Hugarhvarf /Dementia** sýnd með ensku tali
11. október **Framlag eldri borgara** – viðtalskönnun meðal eldri borgara, kynning á niðurstöðum. Ingibjörg H Harðardóttir/Amalía Björnsdóttir, lektorar KHÍ
18. október **Hrumleiki meðal aldraðra.** Ársæll Jónsson, læknir
25. október **Munnhirða aldraðra sjúklinga.** Helga Ágústsdóttir, tannlæknir
01. nóvember *Fellur niður vega námskeiðs ÖFFÍ og Endurmenntunar HÍ*
08. nóvember **Sár og sáraumbúðir.** Geirþrúður Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur
15. nóvember **Listefengi og heilabilun.** María K. Jónsdóttir, sálfræðingur
22. nóvember **Lífssögur.** Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, lektor KHÍ
29. nóvember **Fótavandamál hjá öldroðum.** Eygló Þorgeirsdóttir, fótaaðgerðafræðingur.

Fundirnir eru sendir út með fjarfundabúnaði

Fræðslunefnd RHLÖ

Viðauki 4

Nýjungar í hjúkrun fullorðinna og aldraðra með þvag- og hægðavandamál: mat og meðferð 14.-16. febrúar 2007

14. febrúar - miðvikudagur 09:00 – 15:30

- ❖ Kynning
- ❖ Skilgreiningar á þvag og hægðaleka
- ❖ Algengi og tíðni þvag og hægðaleka
- ❖ Áhrif á lífsgæði og líf

Morgunkaffi 10:00 – 10:15

- ❖ Hvað stuðlar að þvag og hægða heldni – vinnusmiðja
- ❖ Eðlileg starfsemi og lífeðlisfræði þvagblöðru og þarma
- ❖ Orsakir þvagleka
- ❖ Orsakir hægðatregðu og hægðaleka Talk

Hádegishlé 12:15 – 13:00 Léttur hádegisverður og sýning á hjálpartækjum

- ❖ Mat á starfsemi þvagblöðru og þarma
- ❖ Sérfræðimat
- ❖ Vinnuferlar og mat hjúkrunarfræðinga
- ❖ Líkamsmat

Lok 15:30

15. febrúar - fimmtudagur 09:00 – 15:30

- ❖ Matsaðferðir fyrir þvagblöðru: blöðruspeglun, UTS
- ❖ Matsaðferðir fyrir þarma: endo-anal sonar, lífeðlisfræðileg próf á endaparmi, nýjungar í mati

Morgunkaffi 10:00 – 10:15

- ❖ Meðferð vegan þvagleka

Hádegishlé 12:15 – 13:00 Léttur hádegisverður og sýning á hjálpartækjum

- ❖ Meferð við hægðaleka og hægðatregðu

Lok 15:30

15. febrúar - föstudagur 09:00 – 15:00

- ❖ Sérstaða aldraðra

Morgunkaffi 10:00 – 10:15

- ❖ Heilaáföll – stroke

Hádegishlé 12:15 – 13:00 Léttur hádegisverður og sýning á hjálpartækjum

- ❖ Klínísk tilfelli skoðuð – vinnusmiðja og umræður

Lok 15:00

Viðauki 5

Heilabilunareining Landspítala háskólasjúkrahúss Landakoti

Siðfræðileg álitamál í umönnun heilabílaðra

Haldið í Salnum Kópavogi þann 21. mars 2007 frá kl. 13.00 til 16.00. Námskeiðið verður endurtekið þann 22. mars kl. 13.00 til 16.00.

Dagskrá

- 13.00** Námskeiðið sett
- 13.05** Að virða manneskjuna þegar persónan hverfur
Jón Kalmannsson, heimspekingur
- 13.35** Siðfræði daglegs lífs á heilabilunardeild
Sigríður Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- 14.05** Meðferð við lífslok og siðferðileg álitamál
Sigurbjörn Björnsson, sérfræðingur
- 14.35** Kaffiveitingar
- 15.05** Ábyrgð og aðkoma aðstandanda í umönnun heilabílaðra
Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi
- 15.35** Sjónarhorn aðstandanda
Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
- 16.00** Námskeiðsslit

Fræðslunefnd:

Gerður Sæmundsdóttir
Hallgrímur Magnússon
Margrét Albertsdóttir
María K. Jónsdóttir



Viðauki 6

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum – RHLÖ

Námskeið í Þjálfun jafnvægis

Haldið á LSH Landakoti þann 14. september 2007 kl. 9:00-16:30
Fyrirlestrar fara fram í kennslustofu á 7. hæð
Verkleg kennsla fer fram á 3. hæð í starfsaðstöðu sjúkraþjálfunar

Leiðbeinendur:

Dr. Ella Kolbrún Kristinsdóttir, dósent
Bergþóra Baldursdóttir, sjúkraþjálfari MSc, LSH Landakoti

Dagskrá

9:00 – 9:05	Námskeiðið sett
9:05 – 10:30	Grundvallaratriði í stöðustjórnun
10:30 - 11:00	Kaffveitingar og vörukynning
11:00 - 11:30	Greiningaraðferðir og skoðun
11:30 - 12:00	Þjálfun jafnvægis
12:00 - 13:00	Hádegisverður á Landakoti og vörukynning
13:00 – 14:30	Verklegar æfingar – Skoðun og mælingar
14:30 – 15:00	Kaffveitingar og vörukynning
15:00 – 16:30	Verklegar æfingar – Þjálfun jafnvægis
16:30	Námskeiðsslit

Styrktaraðilar: Icepharma og P. Ólafsson, sem jafnframt kynna vörur sínar í hléum.



Viðauki 7

Námskeið í minningavinnu Landakoti, 19. september 2007

Dagskrá.

Kl. 9.00 -9.15	Setning: Ingibjörg Pétursdóttir
Kl. 9.15-10.00	Minningarvinna – yfirlit og aðferðir: Sigrún Huld Þorgrímsdóttir
Kl. 10.00-10.15	Kaffihlé
Kl. 10.15-11.15	Hópvinna/minni hópar
Kl. 11.15-12.00	Minningahópar: að nota minningakveikjur og velja umræðuefni
Kl. 12.00-12.45	Matarhlé
Kl.12.45-13.15	Hópvinna I: Þátttakendur skoða minningakveikjur
Kl. 13.15-14.00	Hópvinna II: Þátttakendur æfa sig í notkun minningakveikja
Kl.14.00-14.20	Kaffihlé
Kl.14.20-14.50	Lífssögunálgun og persónumiðuð umönnun: Sigrún Huld Þorgrímsdóttir
Kl. 14.50-15.20	Lífssögugerð: Ingibjörg Pétursdóttir
Kl. 15.20-15.45	Umræður
KL.15.45-16.00	Námskeiðslok

Skráning fer fram hjá RHLÖ á netfangið halldbj@lsh.is

Námskeiðsgjald er 14.500 kr. og greiðist inn á reikning: 1154-15-200802, kt. 040652-7019

Innifalið í námskeiðsgjaldi eru námskeiðsgögn, hádegisverður og veitingar í kaffihléum.
Styrktaraðili: SPRON

Viðauki 8

Vísindadagur RHLÖ 2007 Föstudaginn 12. október 2007 í Salnum Kópavogi

13:05 – 13:20	Setning og kynning á dagskrá Vísindagsins – <i>Jón Eyjólfur Jónsson</i>
13:20 – 13:50	Húðaukaverkanir lyfja: eitranir, ofnæmi, og önnur húðvandamál hjá sjúklingum sem eru á mörgum lyfjum – <i>Dr. Laurence Trelle</i>
13:50 – 14:30	Húðþynning (dermatoporosi): Gömul húð gerð sem ný – <i>Dr. Gurkan Kaya</i>
14:30 – 15:00	Kaffihlé
15:00 – 15:30	Kláði: það sem þú ættir ekki að láta fram hjá þér fara hjá eldra fólki – <i>Dr. Laurence Trelle</i>
15:30 – 16:00	Sveppameðferð í húð: hvenær á að meðhöndla – <i>Dr. Laurence Trelle</i>
16:00	Fundarslit

Skráning fer fram á netinu, halldbj@landspitali.is og skal þar koma fram: nafn, kennitala, starfsheiti og vinnustaður, auk netfangs og símanúmers.

Lokadagur skráningar er miðvikudagurinn 10. október. Þátttökugjald er kr. 2.500.-

Vísindadagurinn er styrktur af

